

Leiðbeiningar fyrir lyfjabúðir – fölsuð skilríki og gögn

Við afhendingu lyfseðilsskyldra lyfja er nauðsynlegt að leggja mat á að sá aðili sem framvísar persónuskilríkjum sé réttmætur handhafi skilríkjanna. Gildir þetta mat jafnframt um þau tilvik þegar framvísað er skriflegum umboðsgögnum vegna afhendingar lyfseðilsskyldra lyfja.

Borið hefur á því að fölsuð rafræn skilríki séu í umferð og við því má búast að slíkum skilríkjum verði beitt til að leysa út lyf.

Notkun á fölsuðum umboðsgögnum og fölsuðum skilríkjum er refsiverður verknaður, fólgin í því að nota falsað skjal, eða gögn geymd á tölvutæku formi, til að blekkja með skjalinu eða gögnunum í viðskiptum. Lyfjastofnun hefur unnið í samvinnu við lögreglu samantekt á leiðbeinandi verklagi til að bregðast við með samræmdum hætti við notkun á fölsuðum skilríkjum og gögnum. Samhliða þeirri samvinnu hefur lögreglan mótað samræmd viðbrögð lögreglu á vettvangi.

Aðgerðir lyfjabúða vegna gruns um skjalafals

1. Grunur í lyfjabúð að um sé að ræða skjalafölsun – brotaaðili enn á staðnum;
 - Apótek hringir í 112 og óskar eftir aðstoð lögreglu.
 - Lögregla kemur á staðinn, rannsakar og tekur til rétttra aðgerða – mál bókað og gögnum safnað.
2. Vart verður við skjalafölsun eftir að atvik á sér stað og brotaaðili farinn af staðnum.
 - Lyfjabúð tilkynnir atvikið til lögreglu með viðeigandi gögnum og atvikalýsingu.

Nauðsynleg gögn og samskipti við lögreglu

1. Eftirfarandi gögn skal senda með öruggum hætti til lögreglu:
 - Atvikalýsing þ.e. vettvangur, dags., tímasetning og hvernig málið er tilkomið.
 - Afrit af fölsuðu umboði.
 - Myndir og myndbönd þar sem við á og ef hægt er.
 - Myndbönd þarf að þjappa (zip).

2. Sending gagna

- Senda á netfangið abendingar@lrh.is og persónugreinanleg gögn á eftirfarandi slóð:
<https://transfer.signet.is/Authed/Login?ReturnUrl=%2FAuthed%2FCompanyLoad%3Fgroup%3Dlrh> og velja „Fyrirtækjakærur“. Hér er val um að ná í kvittun um móttöku gagna.
- Ekki er hægt að viðhafa tvíhliða samskipti við lögreglu í gegnum *transfer.signet* þar se, gáttin gegnir einungis því hlutverki að móttaka gögn frá lyfjabúð. Því er nauðsynlegt að tilkynningu í gegnum *transfer signet* fylgi greinargóðar upplýsingar þ.m.t. um netfang lyfjabúðar og megin tengilið.

Athygli er vakin á að falsað umboð er skilgreint sem gagn í sakamáli og **p.a.l. á ekki að afhenda brotapolanum afrit af fölsuðu umboði** eða veita upplýsingar um annað en að umboðið hafi verið/gæti verið falsað. Beiðnum um frekari upplýsingar og gagnabeiðnum þarf því að beina til lögreglu.

Undanskilið er þegar verið er að sannreyna hvort að einstaklingur hafi veitt umboð til þess sem reynir að leysa út lyf viðkomandi, hafa skal þó í huga að veita eins litlar upplýsingar og unnt er til að skaða ekki rannsóknarhagsmuni.

Stafræn ökuskírteini sannreynd

Stafrænt Ísland hefur birt leiðbeiningar til framlínustarfsmanna til að sannreyna stafræn ökuskírteini. Leiðbeiningarnar eru [aðgengilegar á vefsvæði island.is](#) eða með því að smella á myndina hér fyrir neðan.



Hvernig á að sannreyna stafrænt ökuskríteini?

Leiðbeiningar fyrir starfsmenn fyrirtækja sem
velja að taka á móti stafrænum ökuskríteinum.

Stafrænt ökuskríteini er fyrir alla sem hafa gildi ökuréttindi og eru með snjallsíma. Á stafrænu ökuskríteini koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnu ökuskríteini.

Taki fyrirtæki, einstaklingar eða stofnanir þá ákvörðun að taka stafrænum ökuskríteinum sem gildum persónuskírtingum er mikilvægt að þjálfra framfarafólk í að sannreyna ökuskríteinin. Athugið að það getur verið mismunandi eftir tæki og stýrikerfi hvernig það er gert.

Öruggst er að nota skanna eða vafra til að kalla eftir upplýsingum*.

Peir sem ekki eru með skanna geta fylgt eftirfarandi skrefum:
(Athugið að leiðbeiningamyndir er að finna á síðu 2 og 3.)

Skref 1: Athuga hvort ökuskríteini sé í gildi.

Skref 2: Snúa ökuskríteini við til að tryggja að ekki sé um skjáskot að ræða.

Skref 3: Ef dagsetning undir kóða (neðst á framhlíð) eða á bakhlíð skríteinis er gömul þarf að biðja viðkomandi um að uppfæra ökuskríteinið. Það er til að tryggja tengingu við gagnagrunn lögreglunnar. Í sumum tækjum þarf að stökkva og kveikja á „automatic updates“ á bakhlíð ökuskríteinis. Þar með ætti dagsetning og allar upplýsingarnar að uppfærast.

*Sé víji fyrir því að koma upp skanna eða tengast öruggu vefsvæði til sannmyningar ökuskríteinis er hægt að hafa samband við Stafrænt Ísland (stafræntisland@fjr.is). Þar með eru ofangreindar leiðbeiningar óþarfar og starfsmaður einfaldlega skannar inn kóðann á ökuskríteininu eða flettir kennitölu upp í kerfinu.

